

Fundargerð 334. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 3. febrúar 2026
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Niðurstöður úttektar HMS á Brunavörum Árnessýslu ásamt kynningu á starfsemi BÁ

Pétur Pétursson slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu mætti til fundar og fór yfir niðurstöður úttektar HMS á Brunavörnum Árnessýslu og kynnti starfsemi BÁ fyrir sveitarstjórn. Niðurstöður úttektar eru mjög góðar og kemur fram að 0 af 32 úttektaratriðum eru metin óásættanleg.

Pétur er þakkað fyrir kynningu á úttekt HMS sem og kynningu á starfsemi Brunavarna Árnessýslu.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 318, dags. 28.01.2026

a) Súlur 13 L238547; Möguleiki fyrir gistileyfi B; Fyrirspurn – 2601047

Lögd er fram fyrirspurn sem tekur til lóðarinnar Súlur 13 L238547 í Flóahreppi. Í fyrirspurninni felst hvort möguleiki sé að fá gistileyfi B fyrir lóðina en fyrirhugað er að byggja íbúðarhúsnæði fyrir eigin búsetu á lóðinni, en jafnframt setja upp 2 til 3 lítill gistihýsi (hvert um 40 m²) til útleigu allt árið til ferðamanna.

Skipulagsnefnd UTU mælist til við sveitarstjórn Flóahrepps að erindinu verði synjað þar sem að gistileyfi í flokki II er ekki í samræmi við stefnu aðalskipulag sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps synjar framlagðri fyrirspurn sem tekur til lóðarinnar Súlur 13 L238547 þar sem spurt er hvort möguleiki sé að fá gistileyfi B (gistileyfi í flokki II) fyrir lóðina í 2-3 litlum gistihýsum til útleigu allt árið til ferðamanna samhliða búsetu íbúðarhúsi á lóðinni. Synjun sveitarstjórnar byggir á því að ekki er heimild fyrir gistileyfi í flokki II í aðalskipulagi Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 242, dags. 21.01.2026

Lagðar fram til kynningar.

4. Áskorun til Vegagerðarinnar vegna umferðaröryggis

Fyrir liggur áskorun til Vegagerðarinnar vegna umferðaröryggis. Í áskoruninni er bent á ítrekuð umferðaróhöpp við vegamót Suðurlandsvegur (Þjóðvegur 1) og Langholtsvegur (318). Sérstaklega er bent er á áhættu við að taka vinstri beygju á vegamótunum og hversu lítið sýnileg og illa vegamótin eru merkt. Undir áskorunina skrifa um 70 íbúar, frístundahúsa eigendur, atvinnurekendur og aðrir sem fara daglega um veginn.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur heilshugar undir framlagða áskorun til Vegagerðarinnar. Ljóst er að umferðarþungi hefur aukist mikið undanfarin ár og nokkuð ljóst að sú þróun mun halda áfram. Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 er ekki gert ráð fyrir

fjármagni til nýframkvæmda við vegkaflann frá Selfoss-Þjórsá fyrr en á árunum 2031-2040. Ekki er hægt að bíða svo lengi eftir nauðsynlegum aðgerðum til að auka umferðaröryggi á þessum vegkafla. Eins og tölur frá Samgöngustofu sýna þá hafa 99 einstaklingar lent í óhappi eða slysi á árunum 2015-2024 á vegkaflanum frá sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps að Þjórsá. Þar af eru tvö banaslys og fjögur slys með alvarlegum meiðslum. Sveitarstjórn Flóahrepps kallar eftir viðbrögðum hið fyrsta á hættulegum og fjölförnum vegamótum við hringveginn í gegnum Flóahrepp. Betri og greinilegri merkingar ásamt lýsingu eru þættir sem að mati sveitarstjórnar myndu strax auka umferðaröryggi á þessum vegamótum. Í umferðaröryggisáætlun, sem gefin er út ef Innviðaráðuneytinu og gildir fyrir árin 2024-2038, er talað um að megináhersla skuli lögð á að vegir og umhverfi þeirra verði gerðir öruggari þannig að mannleg mistök í umferðinni leiði síður til alvarlegra slysa. Það er stórt öryggis- og hagsmunamál fyrir íbúa, atvinnurekendur, aðra fasteignaeigendur og ekki síst skólabörn sem fara um þessa vegi í skólabílum að brugðist verði við þessum aðstæðum.

Sveitarstjórn Flóahrepps kallar eftir að framlögð áskorun ásamt bókun sveitarstjórnar verði tekið til umfjöllunar og ítarlegrar skoðunar vegna tillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 og eru fulltrúar sveitarstjórnar tilbúnir að fylgja málinu eftir við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, Innviðaráðuneytið og Vegagerðina. Sveitarstjóra falið að senda ofangreinda bókun ásamt áskorun til Vegagerðarinnar sem hluta af umsögn sveitarstjórnar vegna tillögu að samgönguáætlun 2026-2040 og einnig á þingmenn Suðurkjördæmis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Skólahreysti í 20 ár – ósk um styrk

Fyrir liggur að nýju ósk um styrk vegna Skólahreysti í 20 ár en afgreiðsla var frestað á fundi sveitarstjórnar dags. 16.12.2025. Óskað er eftir styrk til að mæta kostnaði við endurnýjun á nýjum keppnisvelli fyrir Skólahreysti.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að styrkja verkefnið um 250.000 kr. Sveitarstjórn óskar eftir því að fá upplýsingar um framgang þess verkefnisins sem styrkurinn er veittur til.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Samstarfssamningur um aðgang að sundstöðum

Fyrir liggur að samstarfssamningi um aðgang að sundstöðum við Sveitarfélagið Árborg hefur verið sagt upp af Flóahreppi. Uppsögn tekur gildi frá og með 1. apríl 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps tók ákvörðun um að segja upp núverandi samningi við gerð fjárhagsáætlunar og fara þá leið að bjóða börnum, unglingum og ungmennum að 18 ára og íbúum 67 ára og eldri að kaupa sundkort hvar sem er og fá endurgreitt frá sveitarfélaginu upp að ákveðinni upphæð.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að gera drög að reglum um endurgreiðslu vegna aðgangs að sundstöðum og að fyrirkomulagi vegna endurgreiðslu. Nýtt fyrirkomulag taki gildi frá og með 1. apríl þegar núverandi samstarfssamningur fellur úr gildi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Þingborg L166286 og Lambastaðir land 2 L199628

Í tengslum við undirbúning á breytingu á deiliskipulagi fyrir Þingborgarsvæðið vegna stækkunar á byggingarreit fyrir leikskólann Krakkaborg er lagt til að sveitarfélagið óski eftir að landeignirnar Þingborg L166286 og Lambastaðir land 2 L199628 renni saman í eina landeign. Báðar landeignir eru í eigu sveitarfélagsins Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að vinna að samruna ofangreindra lóða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 333, dags. 20.01.2026

- b) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. dags. 17.12.2025, 07.01.2026 og 19.01.2026 ásamt minnisblaði og lokaskýrslu vegna úttektar á starfsemi byggðasamlagsins
Varðandi lið 2 í fundargerð stjórnar frá 19.01.2026 þá gerir sveitarstjórn Flóahrepps ekki athugasemdir við að ráðinn verði forstöðumaður yfir byggðasamlaginu í fullt starf, tímabundið til eins árs. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagt minnisblað formanns byggðasamlagsins er varðar viðauka við fjárhagsáætlun 2026.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Skýrsla vegna úttektar á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. var lögð fram til kynningar með fundargerðum stjórnar.
- c) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 343, dags. 16.01.2026
- d) Aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands dags. 16.01.2026 ásamt fylgigögnum og erindum til fyrirtöku.
Tekinn er sérstaklega fyrir liður 5.a. í fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 16.01.2026 um tillögur að breytingu á samþykktum Sorpstöðvarinnar. Lagðar eru fram til fyrri umræðu breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs. ásamt fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvarinnar frá 16.01.2026. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki að vísa fyrirbyggjandi tillögu að breytingum á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs. til seinni umræðu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Tekinn er sérstaklega fyrir liður 5.c. í fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 16.01.2026 um viðauka við fjárhagsáætlun Sorpstöðvarinnar. Lagður er fram til samþykktar viðauki við fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands bs. ásamt fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvarinnar frá 16.01.2026. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki viðaukann.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- e) Stjórnar SASS nr. 631, dags. 05.12.2025 og nr. 632, dags. 09.01.2026
- f) Stjórnar Byggðasafns Árneshvíls nr. 20, dags. 28.01.2026
- g) Stjórnar Listasafns Árneshvíls dags. 27.01.2026

9. Efni til kynningar

- a) Frá SASS – Breytingar á verklagi og úthlutunartíðni Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- b) Ráðstefna Vegagerðarinnar um verkefnastýringu stórframskvæmda og viðhalds 15.04.2026
- c) Frumvarp vegna flutnings eftirlits á sviði hollustuhátta og mengunarvarna
- d) Frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum – Opinn fundur fyrir aðildarsveitarfélög dags. 13.03.2026
- e) Frá Samkeppniseftirlitinu: Vinnustofa um opinber útboð og varnir gegn samráði, ráðstefna um samkeppni og hið opinbera og vinnustofa um samkeppnismat á regluverki stjórnvalda.
- f) Upplýsingar vegna vatnsöflunar í Kaldárhöfða
- g) Frá Innviðaráðuneyti – Boðum þátttöku í samráði: Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga
- h) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis:
1. Til umsagnar 312. mál – Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir
 2. Til umsagnar 311. mál – Réttindavernd fatlaðs fólks
 3. Til umsagnar 305. mál – Framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn

4. Til umsagnar 307. mál – Breyting á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun og vernd og orkunýtingu landssvæða

5. Til umsagnar 322. mál – samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030

i) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 17. febrúar kl. 17:00.

Árni Eiríksson (sign)

Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)